FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
172. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 24. JÚLÍ 2017

# Töpuðu stórfé á meintum innherjasvikum

**Landsbankinn var á meðal þeirra fjármálastofnana sem töpuðu fjármunum á umfangsmiklum viðskiptum við menn sem bjuggu yfir innherjaupplýsingum um Icelandair Group. Fjármálastofnanir töpuðu tugum milljóna króna vegna viðskiptanna.**

**LÖGREGLUMÁL** Landsbankinn var á meðal þeirra fjármálastofnana sem töpuðu á umfangsmiklum viðskiptum við menn sem bjuggu yfir innherjaupplýsingum um fjárhagsstöðu Icelandair Group. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Mennirnir eru grunaðir um að hafa nýtt sér í nokkur skipti innherjaupplýsingar sem þeir fengu frá yfirmanni hjá Icelandair. Í öllum tilfellum gerðu þeir framvirka samninga með hlutabréf í Icelandair Group aðeins fáeinum dögum áður en félagið sendi frá sér afkomutilkynningar til Kauphallarinnar.

Viðskiptin fóru þannig fram að mennirnir skuldbundu sig til að ýmist kaupa eða selja hlutabréf í Icelandair Group á fyrirfram ákveðnu verði á fyrirfram ákveðnum tíma.

Heimildir Fréttablaðsins herma enn fremur að mótaðilar mannanna í umræddum viðskiptum hafi verið innlendar fjármálastofnanir, þar á meðal Landsbankinn. Ljóst er að mótaðilarnir töpuðu háum fjárhæðum á samningunum.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá beinist rannsókn héraðssaksóknara meðal annars að framvirkum samningi sem gerður var fáeinum dögum áður en Icelandair Group sendi frá sér tilkynningu til Kauphallarinnar 1. febrúar þar sem afkomuspá félagsins fyrir 2017 var lækkuð um liðlega þrjátíu prósent. Í umræddum viðskiptum veðjuðu mennirnir á að bréf félagsins myndu hríðfalla í verði, sem varð svo raunin, en gengi bréfanna lækkaði um 24 prósent sama dag og afkomuviðvörunin var birt.

Héraðssaksóknari hefur kyrrsett

> **Mennirnir eru grunaðir um að hafa nýtt sér í nokkur skipti innherjaupplýsingar sem þeir fengu frá yfirmanni hjá Icelandair.**

tugi milljóna króna vegna málsins, en fjármunirnir eru ætlaður hagnaður mannanna af viðskiptunum.

Hinn grunaði yfirmaður var í slagtogi með að minnsta kosti þremur mönnum, en einn þeirra hlaut nýlega fangelsisdóm í Hæstarétti fyrir peningaþvætti, fíkniefnabrot og rekstur á spilavíti. Þeir hafa allir verið yfirheyrðir vegna málsins. Á meðal sönnunargagna eru tölvupóstar sem yfirmaðurinn sendi til meintra samverkamanna sinna.

Þetta er í fyrsta sinn frá falli fjármálakerfisins sem héraðssaksóknari rannsakar mál er varðar meint brot í viðskiptum með bréf í skráðu félagi.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Icelandair hefði í lok maí fengið upplýsingar um að starfsmaður þess hefði stöðu grunaðs í rannsókn vegna meintra brota á lögum um verðbréfaviðskipti. Var hann í kjölfarið sendur í leyfi.

Allt að sex ára fangelsisdómur getur legið við innherjasvikum samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. **– kij**



## Draumurinn úti

Freyr Alexandersson hughreystir Söru Björk Gunnarsdóttur eftir tap Íslands fyrir Sviss á EM. Eftir úrslit laugardagsins var ljóst að Ísland ætti ekki lengur möguleika á að komast áfram. Sjá síðu 12 NORDICPHOTOS/GETTY

## Iðnmenntaðir fá frekar vinnu

**MENNTUN** Atvinnuleysi meðal þeirra sem hafa lokið iðnnámi er minna en þeirra sem hafa lokið stúdentsprófi og mun minna en meðal þeirra sem hafa lokið háskólanámi. Þetta sýna tölur Vinnumálastofnunar. Mikill skortur er á iðnmenntuðu fólki í nær öllum greinum.



Í öllum löndum OECD er atvinnuleysi minna meðal þeirra sem hafa lokið iðnnámi á framhaldsskólastigi en þeirra sem lokið hafa almennu bóknámi á framhaldsskólastigi. Þetta kemur fram í skýrslu OECD, Menntun í hnotskurn 2016. **– sg /** **sjá síðu 6**

## Fleiri skima fyrir eiturlyfjum

**SAMFÉLAG** Talsverð aukning hefur verið í því að fyrirtæki óski eftir að skimað sé fyrir vímuefnanotkun meðal starfsmanna. Þetta staðfestir Erla Björk Sverrisdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hjá Öryggismiðstöðinni.

„Aukningin er ekki gríðarleg en þetta var mjög lítið til að byrja með. Svo hefur þetta verið að koma smám saman og það er mikið um fyrirspurnir. Þetta eru mikið til stór fyrirtæki. Til að mynda rútufyrirtæki og þau sem eru með mikla ábyrgð á þungavélum,“ segir Erla.

Óalgengt er að starfsmenn falli á prófinu. „Það er ekki mikið um það svo ég viti. Ég held að þetta sé meira öryggisatriði. Fyrir starfsmanninn sjálfan og líka fyrir viðskiptavini og vinnuveitanda,“ segir Erla. **– þea /** **sjá síðu 4**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Orri Hauksson, forstjóri Símans, skrifar um fjarskiptaþjónustu. 10



**SPORT** Valdís Þóra og Axel urðu Íslandsmeistarar í golfi. 18

**LÍFIÐ** Fanney Dóra segir erfitt að kaupa föt í stórum stærðum hér á landi. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Blíðskaparveður víðast hvar í dag. Léttskýjað um norðanvert landið en skýjað að mestu sunnanlands. Stöku skúrir síðdegis. Hiti 10 til 25 stig, hlýjast norðanlands.

SJÁ SÍÐU 18

# Friðargúrú til landsins



Indverjinn Ravi Shankar, sem oft er kallaður sæmdarheitinu Sri Sri, lenti á Keflavíkurflugvelli í gær. Er Íslandsheimsóknin liður í ferðalagi hans um stórborgir Evrópu. Shankar er kallaður friðarsendiherra og mun hann halda fyrirlestur í Fríkirkjunni í Reykjavík á morgun. Þar mun hann meðal annars ræða hvernig á að friða hugann. Þá mun hann halda blaðamannafund í dag á heimili indverska sendiherrans á Laugarásvegi 46. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

## Leit enn frestað

**BJÖRGUNARMÁL** Engin leit fór fram í gær að Nika Begades, manninum sem féll í Gullfoss. Leit hefur enn verið frestað. Fylgst verður með ánni næstu daga og leit haldið áfram einhvern tímann á næstu dögum að sögn upplýsingafulltrúa Landsbjargar.

Georgíumaðurinn Begades féll í Gullfoss síðastliðinn miðvikudag. Leitað var að manninum á hverjum degi til kvölds fram á laugardagskvöld.

Begades sem var 22 ára gamall var búsettur í Reykjanesbæ og hafði stöðu hælisleitanda. Víðtæk leit hófst á miðvikudaginn. Á föstudag var leitin orðin minni í sniðum þar sem engar líkur voru taldar á því að hann hefði lifað fallið af. Á næstu dögum verður staðan endurmetin í samstarfi við lögreglu.

Ferðaþjónustuaðilar og bændur í nágrenninu eru einnig beðnir um að hafa augun opin. **– sg**

## Risa kúrbítur í Eyjafjarðarsveit

**NORÐURLAND** „Það var þannig að við vorum bara í burtu hér í fimm daga, hann var 10 sentimetrar þegar við förum og þegar við komum heim rákum við augu í þetta dýrindis stykki,“ segir Kristín Sigurðardóttir kennari. Kúrbítur sem var orðinn 60 sentimetrar á lengd og 3,5 kíló hafði þá vaxið í gróðurhúsi hjónanna í fjarveru þeirra.

„Þeir verða venjulega ekki svona stórir. Venjulega tekurðu þá fyrr en það var enginn til að taka hann og þess vegna stækkaði hann svona,“ segir Kristín sem búsett er í Berglandi í Eyjafjarðarsveit.

Í gærkvöldi grillaði Kristín kúrbítinn í kvöldmatinn. „Hann var ekki ætur. Innsti hringurinn var alveg trénaður. Það var allt í lagi með úthringinn á honum.“

Það er í raun maður Kristínar, Jón Stefánsson, sem sér um gróðurhúsið og er þetta í fyrsta sinn sem hann ræktar kúrbít. Einnig ræktar hann jarðarber, tómata og gúrkur. Kristín telur að góða veðrið fyrir norðan og skilyrðin undanfarið skýri þennan mikla vöxt. **– sg**



**Kúrbíturinn sem Kristín heldur á mældist 60 sentimetrar að lengd.**





UP!ÁTÆKI

Nýr up! frá aðeins
**1.790.000** kr.

Við látum framtíðina rætast.

Volkswagen


# Endurfundir í Hollandi

„Hann er stuðningsmaður Íslands,“ segir Brynjar Svansson, faðir Dagnýjar Brynjarsdóttur, sem er duglegur að klæða Hollendinga í bláar landsliðstreyjur.

**EM2017** Leikur Íslands gegn Hollandi í riðlakeppni EM kvenna í Svíþjóð sumarið 2013 er ekki aðeins minnisstæður fyrir frækinn íslenskan sigur. Mark Dagnýjar Brynjarsdóttur tryggði Íslandi sæti í átta liða úrslitum mótsins á kostnað Hollands. Brynjar Svansson, faðir Dagnýjar, eignaðist vin þennan dag, Hollendinginn Peter Houwer, sem hefur bæði heimsótt hann til Íslands og var mættur á leikinn gegn Sviss á laugardaginn.

Þeir Brynjar og Peter hittust fyrir leikinn í Växjö fyrir fjórum árum.

„Þá benti ég honum á að við myndum vinna Hollendinga en hann var ósammála,“ segir Brynjar sem gat sannarlega fagnað í leikslok.

„Ég hitti hann svo aftur á bar um kvöldið, hann bauð mér upp á drykk og við skiptumst á treyjum. Við höfum verið í sambandi síðan.“

Vinur Peters er faðir landsliðsmarkvarðar Hollands. Fylgir Peter því liðinu afar vel eftir og styður það. Árið 2015 mættust Ísland og Holland í vináttuleik og Peter kíkti í heimsókn.

„Ég fór með hann gullna hringinn,“ segir Brynjar sem er búsettur á Hellu eins og móðir Dagnýjar og hennar nánasta fjölskylda.

Brynjar og Peter fóru saman á viðureign Íslands og Sviss í Doetinchem á laugardaginn, báðir í bláum treyjum númer 10 merktum Dagnýju. Treyja Peters er merkt Dagný og treyja pabbans Brynjarsdóttir.

„Hann er stuðningsmaður Íslands,“ segir Brynjar. Peter ætlar líka á leikinn í Rotterdam á morgun og ætlar að taka tvo, þrjá vini með sér.

Fleiri Hollendingar eru klæddir í íslenska landsliðstreyju númer tíu fyrir tilstilli Brynjars. Hann hitti nokkra Hollendinga í íþróttavöruverslun á laugardaginn sem ætluðu að kaupa sér íslensku landsliðstreyjuna.

„Þeir voru að spyrja mig hvað Brynjarsdóttir þýddi,“ segir Brynjar. Hann hafi útskýrt fyrir þeim að leikmaður númer tíu væri dóttir hans og hann héti Brynjar. Því stæði Brynjarsdóttir.

„Þeim fannst þetta svo æðislegt að þeir ætluðu að skella tíunni á bakið.“

Dagný og stelpurnar okkar mæta Austurríki á morgun í Rotterdam. Dagný segist verða klár í slaginn en hún fékk að kenna á tökkum fyrirliða Sviss, Lauru Dickenmann, í tapleiknum á laugardaginn svo stórsá á henni.

„Þær hafa ábyggilega ætlað að slátra henni. Það eru það miklir áverkar á henni,“ segir Brynjar. Fyrirliði Sviss fékk aðeins gult spjald en verðskuldaði rautt.

„Maður sá að þær voru að nuddast í henni allan leikinn vitandi að hún væri meidd.“

**kolbeinntumi@365.is**




**Hollendingurinn Peter Houwer mætir í stúkuna á morgun og tekur víkingaklapp í íslenskri landsliðstreyju merktri Dagnýju.** FRÉTTABLAÐIÐ/TOM

> Þær hafa ábyggilega ætlað að slátra henni. Það eru það miklir áverkar á henni.
>
> Brynjar Svansson, faðir Dagnýjar Brynjarsdóttur landsliðskonu




LEXUS NX
SKARPARI Á
ALLA KANTA
Lexus NX hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum. Að innan státar Lexus NX af skjá með 360 gráðu sjónsviði og Mark Levinson Premium Surround hljóðkerfi sem magnar seiðandi aðdráttarafl hans – hvar sem hann kemur.
Verð frá 6.930.000 kr.
lexus.is
Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400
NX
LEXUS
NX

# Tilkynningarskyldan gengur fyrir trúnaðarskyldunni í hugsanlegum ofbeldismálum

**BARNAVERND** Þórólfur Guðnason, settur landlæknir, segir ekki tímabært að svara spurningum um mál barnageðlæknisins sem vísbendingar eru um að hafi látið hjá líða að tilkynna grun um alvarlegt kynferðisofbeldi gegn barni sem hann hafði til meðferðar, fyrr en fjallað hefur verið um málið með formlegum hætti innan Embættis landlæknis.

Þann 17. júlí síðastliðinn sendi Barnaverndarstofa frá sér tilkynningu þess efnis að hún myndi rannsaka sérstaklega viðbrögð starfandi barnageðlæknis á svæðinu í máli karlmanns sem dæmdur var fyrr í mánuðinum fyrir kynferðisbrot gegn þremur barnabörnum sínum.

**Settur landlæknir segir ekki tímabært að svara spurningum um mál barnageðlæknisins.**



Þórólfur Guðnason

Í áðurnefndum dómi komi fram að starfandi barnageðlæknir á svæðinu hafi haft rökstuddan grun um alvarleg brot gegn einum af brotaþolunum. Legið hafi fyrir læknabréf, sem sé eitt af sönnunargögnum málsins, þar sem fram komi að læknirinn hafi búið yfir nákvæmum upplýsingum um langvarandi kynferðisofbeldi gegn ákveðnu barni.

Þórgunnur Ársælsdóttir, formaður Geðlæknafélags Íslands, vill ekki tjá sig um þetta tiltekna mál en segir í samtali við Fréttablaðið að tilkynningarskylda um hugsanlegt ofbeldi gegn barni gangi alltaf fyrir trúnaðarskyldu lækna og það sama gildi að sjálfsögðu um geðlækna. „Geðlæknar hafa ótvíræða skyldu til að senda tilkynningu um slíkan grun til barnaverndaryfirvalda," segir Þórgunnur.

Lögum samkvæmt ber landlækni að áminna heilbrigðisstarfsmann sem vanrækir starfsskyldur sínar, eða brýtur í bága við ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Þá getur landlæknir svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi sínu án áminningar ef hann brýtur alvarlega gegn starfsskyldum sínum, svo sem með því að sýna alvarlegt hirðuleysi í störfum sínum eða með öðru atferli sem fer í bága við lög. **– aá**

## Á topp K2 á miðvikudag

**SAMFÉLAG** John Snorri Sigurjónsson er lagður af stað upp á topp fjallsins K2 og stefnir að því að komast á tindinn á miðvikudag, fyrstur Íslendinga.

Hópurinn lagði af stað úr grunnbúðum í gærkvöld og stefnan sett á að gista í búðum tvö í nótt.

Í dag heldur hópurinn áfram í þriðju búðirnar og gistir þar í eina nótt. Sú ganga tekur um fjóra tíma. Á morgun eru það fjórðu búðirnar.

Á miðvikudaginn ætlar hópurinn að ná toppnum. Sá leggur tekur um 11 klukkutíma. „Þegar toppnum er náð tekur ekki síður erfitt verkefni við en það er að koma sér niður aftur," segir í tilkynningu. Af hverjum fjórum sem leggja af stað koma aðeins þrír aftur heim.

John Snorri er 38 ára göngugarpur sem hefur klifið nokkra af hæstu tindum heims. Á leiðinni safnar hann áheitum fyrir styrktarfélagið Líf. **– sg**

## Notendur Netflix yfir 100 milljónir

**VIÐSKIPTI** Samkvæmt nýjum tölum frá Netflix eru notendur þjónustunnar núna 104 milljónir. BBC greinir frá því að fyrirtækið reki fjölgun áskrifenda til fjárfestingar í nýjum þáttum og kvikmyndum.

Netflix framleiddi meðal annars þættina 13 Reasons Why, fimmtu seríu af House of Cards og The Crown. Gengi hlutabréfa hækkaði um 10 prósent í viðskiptum eftir lokun markaða eftir að greint var frá niðurstöðu annars ársfjórðungs hjá félaginu.

Áskrifendum fjölgaði um 5,2 milljónir á ársfjórðungnum, flestir voru utan Bandaríkjanna. Um helmingur áskrifenda er utan Bandaríkjanna í dag. Tekjur Netflix jukust um 32 prósent á milli ára og námu 2,8 milljörðum dollara. Stefnt er að því að tekjur verði rúmlega þrír milljarðar dollara á næsta fjórðungi. **– sg**

# Fleiri fyrirtæki farin að kanna vímuefnanotkun starfsmanna

**Verkefnastjóri hjá Öryggismiðstöðinni segir sífellt fleiri fyrirtæki fá hjúkrunarfræðinga til að gera vímuefnaskimun á starfsfólki. Aukningin gæti skýrst af aukinni umræðu. Það sé liður í öryggisáætlunum fyrirtækja að sýna fram á að starfsfólk hafi farið í próf. Starfsmenn þurfa að samþykkja prófið og mega neita að fara í það.**



**5** mínútur tekur að fá niðurstöðu úr vímuefnaskimun.

**Munnvatn starfsmanna er prófað til að kanna mögulega vímuefnanotkun.** NORDICPHOTOS/GETTY

**SAMFÉLAG** Talsverð aukning hefur orðið á því að fyrirtæki hafi samband við Öryggismiðstöðina og óski eftir vímuefnaskimun fyrir starfsmenn. Þetta staðfestir Erla Björk Sverrisdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hjá Öryggismiðstöðinni.

„Aukningin er ekki gríðarleg en þetta var mjög lítið til að byrja með. Svo hefur þetta verið að koma smám saman og það er mikið um fyrirspurnir. Þetta eru mikið til stór fyrirtæki. Til að mynda rútufyrirtæki og þau sem eru með mikla ábyrgð á þungavélum," segir hún.

Erla segir fyrirkomulagið oftast þannig að starfsmannastjóri fyrirtækis ákveði hverjir séu prófaðir hverju sinni. Til þess aflar hann svo upplýsts samþykkis viðkomandi starfsmanna, sem er í sumum tilfellum innifalið í ráðningarsamningi. Ef samþykki liggur ekki fyrir er viðkomandi starfsmaður ekki prófaður. Hið sama myndi gilda um tilfelli þar sem starfsmaður neitaði prófi á staðnum. Það hefur þó ekki gerst.

Þegar hjúkrunarfræðingur kemur á staðinn notar hann annars vegar áfengismæli og svo munnvatnsmæli sem mælir vímuefni. „Starfsmenn blása í áfengismælinn og svo er tekið munnvatnspróf. Iðulega eru niðurstöður vímuefnaskimunarinnar komnar innan fimm mínútna," segir Erla.

**Ég held að þetta sé einfaldlega liður í öryggisáætlunum fyrirtækja. Þá geta þau sýnt fram á að starfsfólk þeirra hafi farið í svona próf.**

Erla Björk Sverrisdóttir, verkefnastjóri hjá Öryggismiðstöðinni

Óalgengt er að starfsmenn falli á prófinu. „Það er ekki mikið um það svo ég viti. Ég held að þetta sé meira öryggisatriði. Bæði fyrir starfsmanninn sjálfan og líka fyrir viðskiptavini og vinnuveitanda."

Erla segir skýringuna á auknum fjölda skimana og fyrirspurna líklega felast í aukinni umræðu. „Öryggismiðstöðin er búin að vera með þessa þjónustu í fimm eða sex ár og þetta hefur spurst út. Við höfum alltaf auglýst okkur þótt það hafi ekki verið stórar auglýsingar," segir Erla og bætir við:

„Ég held að þetta sé einfaldlega liður í öryggisáætlunum fyrirtækja. Þá geta þau sýnt fram á að starfsfólk þeirra hafi farið í svona próf. En svo kemur alltaf eitt og eitt tilfelli þar sem grunur liggur fyrir um vímuefnanotkun einhverra starfsmanna og þá erum við líka kölluð til."

**thorgnyr@frettabladid.is**




# Misvísandi skilaboð frá Hvíta húsinu

**BANDARÍKIN** Misvísandi skilaboð hafa borist frá forsetaembætti Bandaríkjanna um ný lög sem fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti um nýjar viðskiptaþvinganir gegn Rússum. Lögin kveða einnig á um að minnka möguleika forsetans, Donalds Trump, á því að aflétta núverandi þvingunum. Því er forsetinn andvígur.



**Samband Pútíns og Trumps hefur verið gagnrýnt.** NORDICPHOTOS/AFP

BBC greindi í gær frá því að fjölmiðlafulltrúi forsetans, Sarah Huckabee Sanders, hefði sagt að forsetinn styddi nýju löggjöfina. Nýr samskiptastjóri Hvíta hússins, Antonio Scaramucci, sagði við CNN að forsetinn hefði ekki ákveðið sig.

„Ég er bara búinn að starfa hér í tvo eða þrjá daga. Ég býst við því að hann ákveði sig fljótlega. Hann hefur ekki enn ákveðið hvort hann skrifi undir lögin," sagði Scaramucci.

„Ríkisstjórnin styður valdbeitingu gegn Rússum, sérstaklega þegar kemur að því að koma á nýjum viðskiptaþvingunum," sagði Sanders.

Forsetinn gæti neitað að skrifa undir lögin. Geri hann það er afar líklegt að andstæðingar hans segi það vegna meintra tengsla forsetaframboðs hans við rússnesk yfirvöld en alríkislögreglan rannsakar nú meint áhrif Rússa á kosningarnar.

Lögin myndu ekki einungis heimila auknar þvinganir gegn Rússum fyrir innlimun þeirra á Krímskaga árið 2014. Einnig væri hægt að beita nýjum þvingunum gegn Írönum og Norður-Kóreumönnum. **– þea**



BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Hreinsun!
80%
afsláttur
af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

## Meiri fjárfesting í nýsköpun

**VIÐSKIPTI** Á öðrum ársfjórðungi ársins var fjárfest í fjórum sprotafyrirtækjum hér á landi fyrir 14 milljónir dollara, jafnvirði 1,47 milljarða íslenskra króna, samkvæmt frétt Norðurskautsins. Sjötíu prósent fjármagnsins komu að utan.

Um er að ræða 870 milljóna króna fjárfestingu í Meniga, 420 milljóna fjárfestingu í Takumi, 210 milljóna fjárfestingu í TripCreator og 47 milljóna króna fjárfestingu í Mink Campers.

Fjárfesting jókst mikið milli fjórðunga en á fyrsta ársfjórðungi var einungis ein fjárfesting upp á 150 milljónir króna. Fjárfest var í jafn mörgum fyrirtækjum á öðrum ársfjórðungi í ár og í fyrra en heildarupphæðin hækkaði um 240 prósent. – sg

## Fjöldi beittur ofbeldi í starfi

**SAMFÉLAG** Helmingur barnaverndarstarfsmanna í Reykjavík segist hafa orðið fyrir ofbeldi í starfi af hálfu aðstandenda barnanna og dæmi eru um þeir hætti að mæta í vinnuna vegna þessa.

Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi og sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu, segir þetta mikið áhyggjuefni og vill að gripið verði inn í.

Steinunn segir málin sjaldnast rata á borð lögreglu. Ástæðan sé meðal annars sú að starfsmenn þurfi að tilkynna málin sjálfir, ekki vinnuveitandinn. – sks

## Krefjast sjálfstæðis



Mótmælendur sem krefjast sjálfstæðis Gorkhalands, sem nú tilheyrir Indlandi, gengu kröfugöngu í Nýju-Delí, höfuðborg Indlands, í gær. Höfðu þeir strengt keðjur á milli sín til að tjá ósætti sitt við það að Gorkhaland sé ekki sjálfstætt. Undanfarið hafa meðlimir samtakanna Gorkha Janmukti Morcha, er berjast fyrir sjálfstæði landsins, átt í útistöðum við lögreglu á svæðinu. Ekki er útlit fyrir að sáttir náist í bráð. NORDICPHOTOS/AFP






# Slegist um alla iðnnema

Mikill skortur er á iðnmenntuðu fólki í nær öllum greinum atvinnulífsins. Sérstakur skortur er á kjötiðnaðarmönnum. Atvinnuleysi iðnmenntaðra er minna en þeirra sem hafa lokið bóknámi. Hringt er í skóla og beðið eftir nemendum.

**MENNTUN** Atvinnuleysi meðal þeirra sem hafa lokið iðnnámi er minna en þeirra sem hafa lokið stúdentsprófi og mun minna en meðal þeirra sem hafa lokið háskólanámi. Þetta sýna tölur Vinnumálastofnunar.

Skólameistari Borgarholtsskóla segir hringt í skólann og beðið eftir iðnmenntuðum nemendum.

Í öllum löndum OECD er atvinnuleysi minna meðal þeirra sem hafa lokið iðnnámi á framhaldsskólastigi en þeirra sem lokið hafa almennu bóknámi á framhaldsskólastigi. Þetta kemur fram í skýrslu OECD, Menntun í hnotskurn 2016.

Samkvæmt Vinnumálastofnun voru 315 manns sem lokið hafa iðnnámi atvinnulausir í júní, samanborið við 428 sem lokið höfðu stúdentsprófi. Síðustu tvö ár má sjá að fleiri sem eru með stúdentspróf hafa verið atvinnulausir en þeir sem eru iðnmenntaðir. Jafnframt eru mun fleiri atvinnulausir sem lokið hafa háskólanámi en þeir sem hafa lokið iðnnámi eða stúdentsprófi. Á síðustu tveimur árum nam hlutfall atvinnulausra sem lokið höfðu iðnnámi átta til níu prósentum, stúdentsprófi ellefu til tólf prósentum og háskólanámi 21 til 29 prósentum.

„Síðustu ár hefur verið mikil eftirspurn eftir nemendum sem eru að brautskrást í málmiðngreinum og bíliðngreinum líka. Það er hringt og beðið eftir öllum nemendunum sem eru að ljúka námi. Það er augljóst að það vantar miklu meira af iðnmenntuðu fólki út í atvinnulífið,“ segir Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla.

„Það er mikil eftirspurn eftir því og miklu minni eftirspurn eftir



Sérstaklega mikill skortur er á kjötiðnaðarmönnum í atvinnulífinu, þó er skortur á iðnaðarmönnum í nánast öllum greinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það er augljóst að það vantar miklu meira af iðnmenntuðu fólki út í atvinnulífið.
>
> Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla



þeim sem eru í akademísku bóklegu námi.“

Það er tvímælalaust mikil ásókn í fólk sem er að klára iðnnám í Tækniskólanum að mati Jóns B. Stefánssonar, skólameistara Tækniskólans. „Allir sem vilja vinna fara að vinna, það er frekar vandamál að verið sé að taka fólk of snemma.“

Jón segir að í uppsveiflu í efnahagslífinu sé eftirspurn eftir því fólki og það hafi áhrif á skólann og aðsóknina.

„Í uppsveiflunni eykst þrýstingurinn á að fá unga fólkið út í vinnu en svo er fólk líka að koma aftur til baka. Því flestir sem fara í iðngreinar ná sér í réttindi, það er langalgengast, þannig að þetta jafnast út,“ segir Jón.

Mismunur sé milli greina og sveifla milli tímabila. „Í iðnnáminu hefur verið meiri sókn í byggingagreinar en ekki samt allar. Það vantar fólk í múrsmíði og dúklagnir.“

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, sviðsstjóri fagsviðs mennta- og mannauðsmála hjá Samtökum iðnaðarins, segir þetta í raun eina af stóru áskorununum.

„Sumt horfir maður á til skemmri tíma og sér grafalvarlega stöðu sem blasir við, það er til dæmis varðandi fólk sem tengist framreiðslustörfum og öðru í ferðaþjónustu. Gríðarlegur skortur er einnig í hefðbundnum tækni- og byggingagreinum. Við sjáum þetta líka í greinum eins og kjötiðn og bakaragreinum.“

saeunn@frettabladid.is




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík Sími 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri Sími 515 7050
mazda.is






Palestínumenn í Betlehem mótmæltu aðgerðunum í Jerúsalem harðlega í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Ísrael herðir umdeildar öryggisráðstafanir

**Palestínumenn eru æfir vegna hertrar gæslu við einn helgasta stað múslima. Segja brotið á mannréttindum sínum. Málmleitarhliðum var komið upp vegna skotárásar á staðnum. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur málið fyrir í dag.**

**ÍSRAEL** Öryggismyndavélum var í gær komið upp við musteri í Jerúsalem sem gyðingar kalla Musteri fjallsins en múslimar kalla Haram al-Sharif. Eru myndavélarnar liður í hertum öryggisráðstöfunum Ísraela við musterið.

Hin aukna gæsla kemur í kjölfar þess að tveir ísraelskir lögreglumenn voru drepnir þar fyrr í mánuðinum. Til viðbótar við öryggismyndavélarnar var málmleitarhliðum komið upp á dögunum. Ísraelar segja að árásarmennirnir hafi smyglað byssum inn á staðinn og að öryggisráðstafana sé þörf til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Öryggisgæslan hefur vakið mikla reiði meðal Palestínumanna en musterið er talið það þriðja heilagasta í íslamskri trú. Staðurinn er þó einnig heilagur í augum gyðinga og er hann meðal annars afmarkaður með Grátmúrnum.

Ástandið á svæðinu hefur verið eldfimt undanfarið og krefjast Palestínumenn þess að hliðin verði fjarlægð. Að sögn BBC líta þeir á aðgerðir Ísraela sem undanfara að því að þeir sölsi undir sig staðinn heilaga. Hafa Palestínumenn flykkst út á götu, fyrir utan innganginn að musterinu, og lagst þar á bæn í stað þess að ganga í gegnum málmleitarhliðin.

> **Hliðin fara ekki neitt. Morðingjarnir fá ekki að ráða hvernig við leitum á morðingjunum.**
>
> Tzachi Hanegbi, þróunarmálaráðherra Ísraela



Þrír Palestínumenn féllu í átökum við ísraelska lögreglu á föstudaginn. Höfðu þá þúsundir mótmælt aðgerðum Ísraela í Jerúsalem sem og víðar á Vesturbakkanum. Á laugardag voru svo þrír Ísraelar stungnir til bana á landnemasvæðinu Halamish á Vesturbakkanum. Talið er að sú árás hafi verið gerð til að hefna fyrir aðgerðir Ísraela við musterið.

Palestínsk yfirvöld brugðust ekki við uppsetningu öryggismyndavélanna í gær en BBC greinir frá því að þær muni mögulega koma í staðinn fyrir hin mjög svo umdeildu málmleitarhlið. Heimildir BBC innan leyniþjónustu Ísraela segja þó að svo sé ekki. Þá hefur Benjamín Netanjahú forsætisráðherra einnig sagt hliðin komin til að vera.

„Hliðin fara ekki neitt. Morðingjarnir fá ekki að ráða hvernig við leitum á morðingjunum," sagði Tzachi Hanegbi, þróunarmálaráðherra svæðisins, í útvarpsviðtali í gær. Hins vegar sagði öryggismálaráðherrann Gilad Erdan að málmleitarhliðum fyrir múslima yrði mögulega skipt út fyrir aðrar ráðstafanir. Til að mynda aukinn fjölda lögreglumanna og öryggismyndavélar.

Talsmenn Arababandalagsins gagnrýndu aðgerðir Ísraela harðlega í gær. Sögðu þeir Ísraela leika sér að eldinum og að múslimar myndu ekki líða brot á réttindum þeirra á helgistöðum Jerúsalemborgar.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna mun funda um málið í dag.

thorgnyr@frettabladid.is

# ÚTSALA!



ÁRGERÐ 2017

21% AFSLÁTTUR

49”
ULTRA HD
50Hz skjár
Wi Fi
Bluetooth
TIZEN
QC QUAD CORE
NETFLIX

**SAMSUNG**

**SNJALLSJÓNVARP UHD HDR**

- 49” Samsung snjallsjónvarp með 1600 PQI myndvinnslu
- Frábær myndgæði umlukin smekklegum silfurlituðum ramma

UE49MU6475XXC

VERÐ ÁÐUR 139.995

## 109.995

EÐA 9.877 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 118.525 KR. - ÁHK 15,8%

SJÁÐU ALLAR VÖRURNAR Á ELKO.IS



40% AFSLÁTTUR

**SONY**

**HEYRNARTÓL**

- Viðnám (ohm) 32
- Tíðni (Hz) 5-28000
- Hljóðstyrkur (dB) 105

MDREX15APBC/ MDREX15APW

VERÐ ÁÐUR 2.495

## 1.495



MEÐ ADDWASH OG 15 MÍN. HRAÐKERFI

17% AFSLÁTTUR

**ÞVOTTAVÉL**

- 63 L mjúktromla sem fer vel með þvottinn
- AddWash, hægt að bæta við þvotti eftirá
- Digital Inverter mótor með 10 ára ábyrgð
- ECO tromluhreinsikerfi og SmartCheck

A+++ Orkuflokkur | 7 Kg | 1400 Snúninga

WW70K4420YW

VERÐ ÁÐUR 59.995

## 49.995

ELKO

GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Hamfarir



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er undarlegt með okkur Íslendinga að það virðist þurfa náttúruhamfarir til þess að við áttum okkur á mikilvægi þess að gæta hvert annars og þeim samtakamætti sem í okkur býr. En þegar hörmungarástand af einhvers konar samfélagslegum toga ríkir meðal meðbræðra okkar og -systra, þá sækjast úrbætur hægt og illa en pólitísk sundrung er þeim mun meiri.

Fátt lýsir þessu betur en ástandið á húsnæðismarkaði víða um land og það viðvarandi úrræðaleysi sem þar virðist ríkja. Í Reykjavík eru yfir þúsund manns á biðlista eftir félagslegu húsnæði og nýverið var fjallað um mál þriggja barna móður sem hefur verið á biðlista síðan 2015. Hún fékk engin svör önnur en þau að húsnæðisnefnd væri í fríi ásamt fjölda starfsfólks og var henni ráðlagt að hafa samband við gistiskýli eða Kvennaathvarfið. Í vikunni var einnig fjallað um mál fjögurra barna móður í Reykjanesbæ sem hefur ítrekað leitað til félagsmályfirvalda en þar hefur verið fátt um svör. Henni var reyndar bent á að það væri fullt af góðum fósturforeldrum fyrir eldri börnin. Í júlí var líka fjallað um konu á sjötugsaldri sem hefur síðustu vikur búið í fellihýsi á tjaldstæði í Sandgerði eftir að leiguhúsnæði sem hún hafði búið í til níu ára var selt. Fátt er um svör hjá bæjaryfirvöldum.

Allt eru þetta nýlegar fréttir og þessir einstaklingar og fjölskyldur þeirra aðeins brot af þeim sem búa í raun við sára neyð á húsnæðismarkaði. Margir eru með börn á framfæri og í Reykjavík hefur borgarráð samþykkt að skipa starfshóp sem geri úttekt á húsnæðisaðstæðum barna. Skipan nefnda og starfshópa er þó tæpast það sem viðkomandi einstaklingar hafa verið að vonast eftir en þó er það kannski skárra en aðgerðaleysið víða. En miðað við að biðlisti eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík hefur aldrei verið lengri er ekki úr vegi að velta því fyrir sér hvort róttækar aðgerðir til úrbóta ættu ekki að vera verkefni starfshópsins.

En það breytir því ekki að húsnæðisvandi þjóðarinnar er fyrir lifandis löngu orðinn viðameiri en svo að hægt sé að varpa allri ábyrgð á stök sveitarfélög. Ekki hefði það hvarflað að okkur árið 1973 að segja húsnæðisvanda Vestmannaeyinga í kjölfar eldgossins vera þeirra vandamál. Þvert á móti. Því lítil þjóð sem er rík að auðlindum á að búa við þau forréttindi að vandi einnar fjölskyldu sé vandi samfélagsins. Óháð því hvaða orsakir liggja að baki og hvort þær eiga rætur að rekja til náttúru, efnahagslífs, félagslegra aðstæðna og þannig mætti áfram telja. Ef íslenskir pólitíkusar geta ekki einu sinni komið sér saman um þetta er illa komið fyrir íslensku samfélagi.

Að börn, eldri borgarar eða hver sem er sé á hrakhólum mánuðum og jafnvel árum saman er ekki það samfélag sem nokkur Íslendingur vill sjá. Það er því í raun með ólíkindum að ráðherra félagsmála skuli ekki fyrir löngu hafa kallað öll sveitarfélög á landinu saman til róttækra aðgerða. Því ástandið er litlu skárra en af völdum náttúruhamfara og þá efast enginn um getu okkar til samstöðu og lausna.

**Ef íslenskir pólitíkusar geta ekki einu sinni komið sér saman um þetta er illa komið fyrir íslensku samfélagi.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Tossar**

**Það hefur verið ríkjandi viðhorf allt of lengi að þeir sem velji sér að læra iðngreinar séu þeir sem geti ekki útskrifast úr bóknámi. Með öðrum orðum, að iðnnemar séu heimskir. Í Fréttablaði dagsins er greint frá því að beðið sé eftir iðnmenntuðum nemendum. Atvinnuleysi þeirra sem útskrifist úr iðnnámi sé minna en þeirra sem hafa lokið stúdentsprófi og enn minna en háskólamenntaðra.**

**Í ljósi þessarar svakalegu eftirspurnar eftir iðnnemum má spyrja sig hvort raunverulegu tossarnir séu þeir sem afskrifi iðnnema, næli sér í háskólagráðu og sitji svo atvinnulausir heima.**

**Siðrof**

**Afar líklegt er að siðrof verði í íslensku samfélagi þegar brugghúsið Ægisgarður fær að selja bjór til klukkan 4.20 aðfaranótt mánudagsins 26. ágúst. Venjulega er slíkt ekki heimilt svo langt fram eftir nóttu en þar sem bardagi á milli Floyds Mayweather og Conors McGregor fer fram það kvöld fékkst tímabundið leyfi.**

**Að sjálfsögðu verður ekkert siðrof í íslensku samfélagi í raun og veru vegna þess að fólk geti keypt bjór nokkrum klukkutímum lengur. Himnarnir munu ekki hrynja. Og þegar ekkert siðrof verður munu yfirvöld kannski spyrja sig hvers vegna þau séu að ákveða opnunartíma einkarekinna fyrirtækja.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Einbeittur brotavilji Orkuveitu Reykjavíkur



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Fyrir helgi birtist í Fréttablaðinu yfirlýsing frá stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þar sem blessun er lögð yfir það framferði dótturfélags OR, Gagnaveitu Reykjavíkur, að hafna ýmiss konar samvinnu um grunninnviði, meðal annars að neita að opna svokallaðan passífan aðgang að ljósleiðaraneti sínu. Slíkur aðgangur er þó tryggður almennt í okkar heimshluta neytendum til hagsbóta.

Hin hógværa ósk Símans er í samræmi við stefnu sem hefur verið mörkuð í fjarskiptaáætlun Alþingis og EES-tilskipun frá 2014, sem er orðin að lögum í fjölda ríkja sambandsins og mun á endanum verða að lögum hér í gegnum EES-samninginn. Tilskipunin opnar opinber fjarskiptanet, ýtir undir samkeppni og val neytenda, skapar svigrúm fyrir nýsköpun og dregur úr tvífjárfestingu í grunninnviðum.

Sá einfaldi aðgangur að innviðunum sjálfum, sem Síminn óskar eftir, er hvarvetna við lýði nema hjá OR. Meðal annars hjá Mílu, Tengi á Akureyri og á netum Hvalfjarðarsveitar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Á öllum Norðurlöndunum er veittur slíkur aðgangur.

Með samnýtingu framkvæmda og innviða á suðvesturhorninu má fría fjármagn úr offjárfestingu á svæðinu og auka fjárfestingar í innviðum þar sem þeirra er ríkari þörf. Ef Síminn mundi hins vegar undirgangast mónópólískan hugsunarhátt OR um eitt heildarkerfi á höfuðborgarsvæðinu væri Símasamstæðan þar með að ákveða að leggja niður eigin innviðatækni á svæði GR. Samkeppni og nýsköpun yrði útrýmt í tæknilagi fjarskipta og einn opinber aðili yrði í einokun í innviðum og allri aðgangstækni.

Með framferði sínu fara OR og GR með einbeittum brotavilja gegn stefnumörkun ESB og Alþingis um að stuðla að samkeppni og fjölbreytni í þágu neytenda. Síminn hefur vonast til að koma á samstarfi við GR með þau markmið að leiðarljósi en ekki haft erindi sem erfiði. Er það mjög miður, fyrir notendur fjarskiptaþjónustu á landsvísu. Tíminn, lögin og skynsemin munu til lengri tíma ráða niðurlögum þessarar skammsýni borgarfyrirtækisins. Einfalt væri að sinna öllum Íslendingum mun betur mun fyrr.

**Með framferði sínu fara OR og GR með einbeittum brotavilja gegn stefnumörkun ESB og Alþingis.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Einhvers staðar í Hvítá

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson

Einhvers staðar í Hvítá eru jarðneskar leifar ungs manns frá Georgíu. Hann hét Nika Bedades og hann féll í Gullfoss sama daginn og Útlendingastofnun tilkynnti að Georgía væri „öruggur staður“.

### Öxlum yppt

Við þekkjum ekki sögu hans. Hann var 22 ára, hælisleitandi eins og við köllum fólk sem hingað kemur í leit að öryggi og betri tilveru. Þegar þetta er skrifað á sunnudagsmorgni finn ég ekkert um þennan mann á internetinu. Við vitum ekki hvað olli því að hann fór í fossinn. Skrikaði honum fótur? Stökk hann? Vildi hann farga sér? Vildi hann nýtt líf? Hvernig var honum innanbrjósts? Hvað hugsaði hann? Hver var bakgrunnur hans? Langar engan að vita neitt meira um Nika Bedades sem fékk ekki að verða samlandi okkar?

Sennilega ekki. Forvitni íslenskra fjölmiðla virðist ekki hafa vaknað út af afdrifum hans, og þeir láta nægja að birta stuttaralegar umsagnir lögreglu um að „ekkert bendi til að um saknæmt athæfi hafi verið að ræða“ og að „leit sé hætt“. Viðbrögð fjölmiðla líkjast því að öxlum sé yppt.

Við höfum séð myndir af Nika Begades úr öryggismyndavél við Gullfoss. Hann er grannur, svartklæddur, snyrtilegur ungur maður og gengur alvarlegur og einbeittur á svip á vit örlaga sinna.

Við vitum ekkert um hann, líf hans, hugsanir, afdrif. Við vitum bara hitt: það er illa komið fram við þá sem sækjast eftir landvist hér, og eru ekki starfsmenn hjá vinnumiðlunum eða koma frá evrópska efnahagssvæðinu. Íslensk yfirvöld virðast leggja sig í líma við að gera hælisleitendum lífið sem óbærilegast meðan þeir bíða eftir úrslitum í málum sínum. Nánast er eins og sé verið að reyna að rækta með þeim andfélagsleg viðhorf og andúð á Íslendingum. Þetta kemur fram í aðbúnaði sem þeir búa við þar sem þeir kúldrast í endalausu hangsi yfir engu. Þetta er uppskrift að ósköpum: Safnaðu saman mörgum fullfrískum karlmönnum á einn stað, hafðu hann sem óvistlegastan, sjáðu til þess að þeir hafi ekkert við að vera, fylltu daga þeirra af leiðindum, vonleysi og endalausri bið …

### Hælisneitendur

Við Íslendingar erum hælisneitendur. Við höfum tekið okkur upphafsstöðu í neituninni. Við stöndum í nei-inu og spyrjum: Af hverju ætti ég að segja já? – í stað þess að standa í já-inu og spyrja: Af hverju ætti ég að segja nei?

Á ég að gæta bróður míns? Nei, ekki ef hann er útlendingur. Þá getur hann átt sig. Við förum í manngreinarálit eftir því hvaðan fólk kemur, dæmum það eftir upprunalandi en ekki persónulegum eiginleikum. Við beitum þannig markvissum fordómum og fólk sem hér vill búa þarf að afsanna þá fyrirframgefnu forsendu að það sé hroðalegar manneskjur sem hafi illt í hyggju. Það þarf að sanna með óyggjandi hætti að sér sé hvergi vært annars staðar í víðri veröld og að það sé framúrskarandi gott fólk, gott ef ekki heilagar manneskjur. Takist fólki að sýna fram á þetta tvennt getur það átt von á þeirri umbun – yfirleitt á elleftu stundu og eftir ærinn þrýsting frá almenningi – að eiga þess kost að búa hér á þessu kalda og dimma landi. Hér er slíkri landvist deilt út eins og náðun hjá dyntóttum harðstjóra.

En yfirleitt er svarið nei. Við látum eins og það sé saknæmt í sjálfu sér að sækjast eftir búsetu hér. Það er ekki talin góð og gild ástæða að langa til að búa við betri lífskjör en maður gerir þegar, meiri friðsæld kringum sig – betra líf. Við látum eins og þetta séu annarlegar ástæður, og önsum ekki öðru en ofsóknum í heimalandinu.

Þarf þetta að vera svona? Væri hugsanlega hægt að slaka ögn á þessum stífu aðgangshömlum og láta duga að sjá hvort og hvernig fólk spjarar sig þegar hingað er komið; hvort það fær vinnu og hvernig það stendur sig í henni – og það sem er kannski aðalatriðið: hvernig því líður hér, hvort það getur fest hér yndi. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að hér sé auðvelt að búa, hvað sem líður efnahagslegum forsendum: veðrið, myrkrið, íslenskir samskiptahættir … Stórfelldir fólksflutningar til Íslands eru ekki einu sinni vandamál; hér vantar vinnufúsar hendur.

**Við vitum ekkert um hann, líf hans, hugsanir, afdrif. Við vitum bara hitt: það er illa komið fram við þá sem sækjast eftir landvist hér, og eru ekki starfsmenn hjá vinnumiðlunum eða koma frá evrópska efnahagssvæðinu.**

Óneitanlega hvarflar að manni að ósagðar og óræddar forsendur fyrir þessum ósýnilega múr við landamæri landsins kunni að liggja í einhvers konar hugmynd um hreinleika íslensku þjóðarinnar sem þurfi að varðveita. Vissulega ber okkur að standa vörð um eitt og annað í íslenskum menningararfi en hitt er í sjálfu sér endaleysa að Íslendingar hafi einhvern tímann verið „hreinir“ eða séu endanlegt samsafn eiginleika, eigi sér skýrt upphaf. Við erum samsafn af allra þjóða kvikindum, blanda af landnámsfólki, og höfum alltaf verið, og nýir og nýir aðkomumenn blönduðust – eða blönduðust ekki – því að þjóðin hefst í sjálfu sér hvergi eða endar, er ekki til í endanlegri mynd. Þjóðir eru eiginlega eins og vatnið, eins og sístreymandi fljótið, já eins og Hvítá sem rennur um flúðir sínar og geymir einhvers staðar Nika Bedades, ungan mann sem hélt hann væri kominn á „öruggan stað“.






Dagný Brynjarsdóttir gat ekki leynt vonbrigðum sínum eftir tapið sára fyrir Sviss í Doetinchem á laugardaginn. Ísland er úr leik á EM. NORDICPHOTOS/GETTY

# Enn þá skrefi á eftir þeim bestu

Stelpurnar okkar eru úr leik á EM. Skelfilegur laugardagur sá um það þar sem Ísland tapaði fyrir Sviss og fékk svo engan greiða frá Frakklandi. Litlu hlutirnir féllu ekki með Íslandi sem tapaði fyrir betri liðum.


UEFA WOMEN'S EURO 2017 THE NETHERLANDS



Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is


**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar eru úr leik á Evrópumótinu í fótbolta. Svekkjandi 2-1 tap á móti Sviss og jafntefli í leik Frakklands og Austurríkis á laugardaginn gerðu út um vonir íslenska liðsins um að komast í átta liða úrslit mótsins. Leikurinn á móti Austurríki í Rotterdam á laugardaginn verður því miður aðeins upp á stoltið fyrir okkar stelpur.

Eftir að hafa loks rofið fjögurra leikja markastífluna í fyrri hálfleik á móti Sviss með marki Fanndísar Friðriksdóttur eftir stórbrotna sendingu frá Dagnýju Brynjarsdóttur fékk íslenska liðið á sig tvö mörk og þurfti að sætta sig við tap þrátt fyrir hetjulega baráttu á lokakaflanum.

Lagt var upp með að spila besta varnarleikinn á mótinu. Hann var frábær á móti Frakklandi þar sem frammistaða Íslands verðskuldaði að minnsta kosti stig en mörkin sem liðið fékk á sig frá Sviss voru ekki til útflutnings. Samskiptaleysi í vörninni, leikmenn að gleyma að dekka sinn mann og röng talning í fyrirgjöf varð til þess að Sviss tryggði sér sigurinn. Þetta var bara ekki nógu gott. Lið sem er aðeins búið að skora eitt mark í fimm leikjum getur ekki leyft sér að verjast svona.

### Þurfa að halda bolta betur

„Ég fór að sofa nokkuð rólegur en mér leið ekki vel þegar ég vaknaði daginn eftir leik. Þá voru myndirnar úr leiknum í huganum á mér. Mér leið ekki vel í morgun en mér leið vel eftir góðan fund og góða æfingu með stelpunum,“ segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari.

Ekkert hefur vantað upp á baráttuna hjá stelpunum okkar og hugarfarið í leikjunum. Viss gæði hefur þó skort til að halda í við þessi frábæru lið Frakklands og Sviss því stundum kemur baráttan og hjartað þér aðeins hálfa leið að góðum úrslitum.

Stelpurnar lentu í áföllum fyrir mótið og þurftu að breyta leikkerfinu og koma nýjum leikmönnum inn. Leikkerfið hefur ekki verið að skila sigrum en það er ekki hægt að horfa fram hjá því að liðið var að tapa með minnsta mun fyrir liðum sem hafa farið illa með íslensku stelpurnar undanfarin ár.

Ísland færist nær þeim bestu en það sást að við erum enn þá skrefi á eftir og það viðurkennir Freyr.

### Ekki náð að leysa pressuna

„Til að vera alveg hreinskilinn þá eru liðin búin að pressa okkur mjög hátt frá upphafsflauti og við höfum ekki náð að leysa það nægilega vel. Í þessu móti sjáum við að ákefðin í kvennaboltanum hefur aukist, návígin eru fleiri og pressan betri,“ segir Freyr en mikið vantaði upp á sendingafærni hjá liðinu til að vinna sig út úr þessari pressu og því voru leikirnir því miður að alltof stórum hluta 180 mínútna eltingaleikur.

„Við ráðum ekki nægilega vel við að halda í boltann undir þessari pressu og það er eitthvað sem verður að lagast til þess að við verðum betra fótboltalið og höldum okkur inni á topp 20. Við sjáum hver þróunin er í knattspyrnunni og við þurfum að finna leiðir sem fótboltasamfélag til að laga þessa hluti,“ sagði Freyr.

### Vilja fara heim stolt

Stelpurnar reyna að halda höfðinu hátt en þær ætluðu sér allt aðra og miklu stærri hluti á þessu móti. Það er því mikið áfall að vera úr leik þegar einn leikur er enn þá eftir.

„Við leyfðum stundinni bara að vera í gær [fyrradag] og allar voru þær svekktar og sárar. Við tökum svo fund morguninn eftir leik og spjöllum aðeins saman. Við þurfum að átta okkur á því að þetta lið hefur vakið gríðarlega athygli fyrir nærveru sína, framkomu, styrk, kraft og hugarfar,“ segir Freyr.

Íslenska þjóðin fær aðeins að sjá einn leik í viðbót með stelpunum okkar á EM. Þær áttu meira skilið gegn Frakklandi en verða að taka tapið gegn Sviss á sig.

Freyr er stoltur af því sem liðið stendur fyrir þrátt fyrir að vera augljóslega og eðlilega svekktur með niðurstöðuna.

### Góðir merkisberar Íslands

„Nú reynir á og við viljum að þetta lið fái þann stimpil á sig að það hafi gefið allt í þetta mót og það verði engin eftirsjá. Kannski voru hin liðin betri en við í fótbolta en við erum góðir merkisberar Íslands og ég held að fólkið vilji sjá það.

Ég vil fara út úr þessu móti fyrir það með stolti. Sigur væri frábær þannig að við getum komið heim til Íslands og það verði hugsað að leikmenn hafi gefið allt í þetta og allir geti gengið stoltir frá borði,“ segir Freyr Alexandersson.

## Ótrúlegt að enginn hafi fengið rautt

„Þetta var ógeðslega svekkjandi. Eftir að við skoruðum fyrsta markið var þetta í okkar höndum en svo hleyptum við þeim inn í leikinn. Við gerðum okkur erfitt fyrir og fengum á okkur tvö mörk,“ sagði Dagný Brynjarsdóttir eftir tapið fyrir Sviss. Leikurinn var mjög harður og Dagný fékk að finna fyrir því þegar Lara Dickenmann braut á henni.

„Ég er með takkafar á öllum rifbeinunum. Svona leyfði dómarinn leiknum að ganga. Það er eiginlega ótrúlegt að enginn í þessum leik hafi fengið rautt spjald. Mér fannst dómarinn aðeins vera að missa tökin á honum,“ sagði Dagný.

## Gerðum ekki nóg



„Þetta var hundfúlt og ógeðslega erfitt að sjá þetta sem niðurstöðu leiksins. Við ætluðum að vinna og spila betri leik en þetta. Að mínu mati reyndum við og teygðum okkur eins langt og við gátum. Þetta var ótrúlega svekkjandi en það þýðir ekki að svekkja sig of lengi á þessu,“ sagði Glódís Perla Viggósdóttir eftir tapið.

„Mér fannst við í rauninni ekki gera nóg. Við fáum á okkur tvö mörk og skorum bara eitt. Það er ekki nóg í fótboltaleik á svona stórmóti.“

> Kannski voru hin liðin betri en við í fótbolta en við erum góðir merkisberar Íslands og ég held að fólkið sjái það.
>
> Freyr Alexandersson

| ÍSL | 1 – 2 | SVI |
|---|---|---|

**1-0** Fanndís Friðriksdóttir (33.), **1-1** Lara Dickenmann (43.), **1-2** Ramona Bachmann (52.).

| ÍSL | | SVI |
|---|---|---|
| 5 (1) | **Skot (á mark)** | 5 (3) |
| 5 | **Hornspyrnur** | 3 |
| 26 | **Hættulegar sóknir** | 32 |
| 184 | **Heppn, sendingar** | 246 |
| 68 | **% heppn. sendinga** | 73 |
| 42 | **Með boltann** | 58 |

### Besti leikmaður Íslands
## Fanndís Friðriksdóttir



Sást ekki framan af fyrri hálfleik en dúkkaði svo upp með fyrsta mark Íslands á mótinu. Hljóp sem óð væri og átti gott skot í seinni hálfleik eftir fínan einleik. Alltaf tilbúin að gera eitthvað með boltann þegar hún fær hann.

**Frammistaða Íslands (3-4-3)**

| | |
|---|---|
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | 6 |
| Glódís Perla Viggósdóttir | 6 |
| Sif Atladóttir | 6 |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 6 |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | 5 |
| (83. Hólmfríður Magnúsdóttir | -) |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 6 |
| Sigríður Lára Garðarsdóttir | 5 |
| (88. Harpa Þorsteinsdóttir | -) |
| Hallbera Gísladóttir | 4 |
| Katrín Ásbjörnsdóttir | 6 |
| (66. Agla María Albertsdóttir | 5) |
| Dagný Brynjarsdóttir | 7 |
| Fanndís Friðriksdóttir | 7 |

**EM 2017 í Hollandi**

UEFA WOMEN'S EURO 2017 THE NETHERLANDS

**C-riðill**

| | |
|---|---|
| **Frakkland - Austurríki** | **1-1** |

**D-riðill**

| | |
|---|---|
| **Skotland - Portúgal** | **1-2** |
| **England - Spánn** | **2-0** |

**Í dag er spilað í A-riðli**

| | |
|---|---|
| **18.45 Belgía - Holland** | **Tilburg** |
| **18.45 Noregur - Danm.** | **Deventer** |

**Pepsi-deild karla**

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**





Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

STIGA
4WD



**Stiga Estate Pro 9122**
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
B&S 8240 Intek mótor
Sérstyrktur sláttubúnaður
360 lítra grasuppsöfnunarkassi

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## Tómstundir & Ferðir

### Fyrir veiðimenn




Jaxon flugustangarsett . lina 5-6-7-eða 8 Stöng ,hjól ,lína hólkur , polaroid gleraugu ,taumur og 10 flugur 28.900 kr . Takmarkað magn Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/ HÆÐ**
Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/ hæð, helst í Kóp, Garðab eða Hafnaf., allt kemur til greina. Aðeins langtímaleiga. Reglusemi, skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er.

Uppl. í síma 863 4291

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

**STARFSMAÐUR ÓSKAST**
Stundvís, reglusamur starfskrafur óskast við kjötborð ofl. Kjöthöllin Háleitisbraut 58-60
**Upplýsingar veitir Sveinn í síma 553 8844.**

**KÖKUHÚSIÐ AUÐBREKKU**
óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu og aðstoðar í bakaríinu. Fullt starf.
**Uppl. gefur Björk í s. 693 9091.**

### Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU:**
Til sölu ísbúð / ísgerð með eigin framleiðslu og mikinn tækjakost. Miklir möguleikar fyrir duglega aðila. Skoða öll skipti. Uppl. í síma 895-7737


# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is




# FULLBÚIÐ

## Á ÓMÓTSTÆÐILEGU SUMARVERÐI

**LG 43UH668V**
43" Ultra háskerpu snjallsjónvarp, 1200Hz PMI. 4K uppskölun, harman/kardon hátalarakerfi, 2xUSB og 3 HDMI tengi. App fyrir Apple eða Android. Magic remote fylgir.

**89.990. kr**

**LG 49UH668V**
49" Ultra háskerpu snjallsjónvarp, 1200Hz PMI. 4K uppskölun, harman/kardon hátalarakerfi, 2xUSB og 3 HDMI tengi. App fyrir Apple eða Android. Magic remote fylgir.

**99.990. kr**

**LG 55UH668V**
55" Ultra háskerpu snjallsjónvarp, 1700Hz PMI. 4K uppskölun, harman/kardon hátalarakerfi, 2x USB og 3 HDMI tengi. App fyrir Apple eða Android. Magic remote fylgir.

**119.990. kr**

**LG 65UH668V**
65" Ultra háskerpu snjallsjónvarp, 1700Hz PMI. 4K uppskölun, harman/kardon hátalarakerfi, 2x USB og 3 HDMI tengi. App fyrir Apple eða Android. Magic remote fylgir.

**179.990. kr**

**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



Íslandsmeistararnir í golfi 2017, Valdís Þóra Jónsdóttir og Axel Bóasson, með verðlaunagripina sem þau fengu eftir sigurinn á Hvaleyrarvelli í gær. MYND/SETH/GOLF.IS

# Lengi dreymt um að vinna titilinn hér

**Heimamaðurinn Axel Bóasson glutraði niður góðu forskoti á Íslandsmótinu í golfi en hafði betur gegn Haraldi Franklín Magnús í umspili um Íslandsmeistaratitilinn. Atvinnukylfingurinn Valdís Þóra fann fyrir meiri pressu en stóð undir henni og vann sinn þriðja titil.**

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur úr GL, og Axel Bóasson, kylfingur úr GK, urðu Íslandsmeistarar í höggleik 2017 í gær en þetta er í þriðja skiptið sem Valdís tekur þennan titil en annað skiptið sem Axel hampar titlinum. Spennan var meiri í kvennaflokki framan af en taugar Valdísar voru sterkari á lokametrunum og hafði hún betur gegn heimakonunni Guðrúnu Brá Björgvinsdóttur.

„Sigurtilfinningin er alltaf góð, ég er mjög þreytt en mjög ánægð,“ sagði Valdís Þóra í samtali við blaðamann eftir að sigurinn var í höfn en hún hefur verið á ferð og flugi út um allan heim að keppa á golfmótum, þar á meðal Opna bandaríska meistaramótinu í golfi, fyrst íslenskra kylfinga. „Það kom aldrei til greina að sleppa þessu móti, ég vissi að ég myndi koma hingað og ég var ekkert að taka þetta út af dagskránni þó að síðustu vikur hafi verið þéttskipaðar.“



Valdís Þóra Jónsdóttir varð Íslandsmeistari í þriðja sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI



Axel og Haraldur háðu einvígi um Íslandsmeistaratitilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

### Fann fyrir pressu

Valdís fann fyrir aukinni pressu fyrir þetta mót komandi heim sem atvinnukylfingur nýkomin af einu sterkasta móti heims. „Auðvitað var meiri pressa, það hefði ekki litið vel út ef ég hefði ekki verið meðal efstu kylfinga en Guðrún og Ragnhildur spiluðu vel og gerðu mér erfitt fyrir. Ég reyndi að vera róleg og það var ekki fyrr en á sautjándu sem ég fann hjartað byrja að slá á fullu.“

Valdís hefur þurft að horfa á eftir sigrinum til keppinauta sinna undanfarin þrjú ár úr öðru og þriðja sæti. „Ég er ánægð með sigurinn, það er alltaf gaman að vinna en skorið var ekkert frábært. Fyrsti sigurinn árið 2009 er ennþá í uppáhaldi. Það hefur verið súrt að horfa á eftir bikarnum undanfarin ár en það gerir þennan sigur sætari.“

> **Það hefur verið súrt að horfa á eftir bikarnum undanfarin ár en það gerir þennan sigur sætari.**
>
> Valdís Þóra Jónsdóttir

> **Ég er búinn að spila vel undanfarin Íslandsmót án þess að vinna og maður er bara í skýjunum með að taka þetta hér.**
>
> Axel Bóasson

### Dramatík á lokametrunum

Í karlaflokki var eflaust löngu búið að skrifa nafn Axels á bikarinn þegar komið var á átjándu holu en hann var með fimm högga forskot fyrir sautjándu holu en glutraði því niður í takt við tvo fugla frá Haraldi Franklín. Þurfti því bráðabana til að skera úr um sigurinn en þar reyndist Axel sterkari og fagnaði sigri á heimavellinum.

„Þetta er bara draumur í dós, mann er lengi búið að dreyma um að spila þetta mót hér í heimahögunum og að vinna titilinn hér. Loksins kom það tækifæri og ég er þakklátur fyrir að hafa náð að klára þetta,“ sagði Axel feginn er Fréttablaðið ræddi við hann eftir mótið.

„Það gerist ekki sætara en að klára þetta hérna á heimavelli, ég er búinn að spila vel undanfarin Íslandsmót án þess að vinna og maður er bara í skýjunum með að taka þetta hér.“

Axel byrjaði daginn með þriggja högga forskot sem fór mest upp í sjö högg en bráðabana þurfti eins og áður segir til að tryggja titilinn.

„Það er í raun bara eitt högg sem ég væri til í að taka til baka á öllu mótinu, ég vissi að ég væri búinn að spila vel og kom með sama hugarfar inn í þennan hring eins og aðra,“ sagði Axel og bætti við:

„Það sauð á mér eftir átjándu holu, ég var virkilega svekktur en ég tók þetta eins og holukeppni sem hentar mér vel og sigldi þessu heim,“ sagði Axel feginn að lokum.

kristinnpall@365.is


Sumargræjur eru betri
TEAC
Afritaðu eða spilaðu vínyl-plöturnar og kassetturnar með þessu stórkostlega tæki. CD upptaka og afspilun.
Verð kr.: 55.900,-
Pioneer
Hljómtækjastæða
X-EM26-B / Bluetooth stæða / 2x10w
Verð kr.: 25.900,-
Pioneer VSX-832-B
Heimabíómagnari 5x130w, Dolby Atmos, Bluetooth
Verð kr.: 69.900,-
Pioneer
25% afsláttur
ONKYO TX-SR373-B
Heimabíómagnari 5x135w, Bluetooth
Verð kr.: 44.900,-
TEAC TN-100
Hágæða plötuspilari frá TEAC
Verð kr.: 29.900,-
Pioneer DEH-1900UB
4x50W - 24 stöðva minni - Gott tæki á góðu verði.
Verð kr.: 15.900,-
DIGIHOME
24”
Í húsbílinn eða hjólhýsið
12V tengi fylgir / Með innbyggðum DVD spilara
Verð kr.: 44.900,-
Pioneer AVH-X3800dab
Bíltæki: 6,2” WVGA skjár - 4x50W - Bluetooth
Verð kr.: 69.900,-
Skullcandy
25% afsláttur
Nintendo NES: Auka fjarstýring
Verð kr.: 2.490,-
SANGEAN WR-1 silver
Hágæða útvarp með góðum bassahljómi.
Verð kr.: 17.900,-
Nintendo Switch: JOY-CON WHEEL
Verð kr.: 2.690,-
Nintendo Switch: MarioKart DeLuxe 8
Verð kr.: 8.990,-
Nintendo Switch: 1 2 SWITCH
Verð kr.: 7.990,-
Nintendo Switch: ARMS
Verð kr.: 8.450,-
Nintendo Switch: Ultra Street Fighter II
Verð kr.: 5.990,-
NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Lokað laugardaga í sumar
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655



Gamla Landakotskirkjan þar sem nunnur störfuðu á 19. öld.

## Merkisatburðir

**1896** Fjórar nunnur koma til Íslands með póstskipinu Lauru og setjast að í Reykjavík til þess að hjúkra sjúkum. Þær eru nokkurs konar fylgisveit hinnar kaþólsku trúboðsstofnunar í Landakoti. Á Íslandi höfðu þá ekki verið starfandi nunnur síðan fyrir siðaskipti.

**1956** Ríkisstjórn Framsóknar, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks sest að völdum og situr í tvö ár undir forsæti Hermanns Jónassonar. Menntamálaráðherra er Gylfi Þ. Gíslason og heldur hann því embætti í öllum ríkisstjórnum í 15 ár.

**1961** Júrí Gagarín, fyrsti geimfari veraldar, kemur við á Keflavíkurflugvelli á leið sinni til Kúbu, skömmu eftir að hann fór í fyrstu geimferðina.

**1982** Á Skeiðarársandi finnst skipsflak sem í fyrstu er talið vera flak gullskipsins Het Wapen van Amsterdam, sem fórst þar árið 1667. Í ljós kemur að flakið er af þýskum togara frá árinu 1903.

**1990** Íraskar hersveitir safnast saman við Kúveit í fyrra Persaflóastríðinu.



Gagarín kom við á Keflavíkurflugvelli á þessum degi 1961.



Ernu Völu Arnardóttur og Þóru Kristínu Gunnarsdóttur voru veittir styrkir til framhaldsnáms í píanóleik.

# Erna Vala og Þóra Kristín fengu tónlistarnámsstyrk

**Tveimur tveggja milljóna króna styrkjum var úthlutað úr Minningarsjóði um Birgi Einarsson apótekara. Píanóleikararnir Erna Vala Arnardóttir og Þóra Kristín Gunnarsdóttir hlutu styrki til framhaldsnáms. Erna Vala mun læra í Finnlandi en Þóra Kristín í Sviss.**

Þessi styrkur hjálpar manni í rauninni við allt. Það er svo mikilvægt að geta einbeitt sér að náminu í stað þess að þurfa að hafa áhyggjur af peningamálum. Svona styrkur gefur manni líka mörg tækifæri í viðbót því maður getur nýtt peningana í alls konar hluti sem tengjast náminu óbeint, eins og að ferðast til að halda tónleika eða taka námskeið utan skólans,“ segir Erna Vala Arnardóttir píanóleikari.

Þann 20. júlí fengu þær Erna Vala og Þóra Kristín Gunnarsdóttir tveggja milljóna króna styrk hvor til framhaldsnáms í píanóleik úr Minningarsjóði um Birgi Einarson apótekara.

Skömmu eftir að Birgir Einarson lést 30. nóvember 1994 ákvað ekkja hans, frú Anna Einarson, að stofna sjóð til minningar um hann sem hefði það verkefni að styrkja efnilega píanóleikara til framhaldsnáms erlendis. Frá árinu 1999 hafa 26 veglegir styrkir verið veittir úr sjóðnum í þessu skyni og hafa sumir píanóleikaranna hlotið styrki oftar en einu sinni.

Erna Vala hefur undanfarið lagt stund á klassískt píanónám við Listaháskóla Íslands og Síbelíusarakademíuna í Finnlandi og stefnir að því að ljúka meistaranámi frá Síbelíusarakademíunni eftir tvö ár. Einnig hefur hún stundað tónsmíðar og fengið verðlaun fyrir verk sem hún hefur flutt opinberlega.

Þóra Kristín lauk nú í vor meistaraprófi frá háskólanum í Luzern í Sviss í píanóleik og píanókennslu með kammertónlist sem aukafag og hlaut hæstu einkunn fyrir lokatónleikana. Hún mun nú hefja tveggja ára meistaranám í píanókammertónlist og ljóðasamspili við Zürcher Hochschule der Künste í Sviss.

Báðar hafa þær Erna Vala og Þóra Kristín tekið þátt í ótal masterklössum og öðrum tónlistarflutningi og sýnt þar og sannað að þær eiga brýnt erindi í heimi tónlistarinnar.

Styrkveitingin fór fram á heimili formanns stjórnar minningarsjóðsins, Ingu Ástu Hafstein píanókennara. Aðrir í stjórn sjóðsins eru píanóleikararnir Halldór Haraldsson, Anna Þorgrímsdóttir, Ólafur Vignir Albertsson og Snorri Sigfús Birgisson auk Magnúsar B. Einarson læknis. saeunn@frettabladid.is

---



✝

Eiginkona mín,
**Vigdís Sigurðardóttir**
frá Svalbarði,
verður jarðsungin frá Þórshafnarkirkju 25. júlí klukkan 14.00. Jarðsett verður í Svalbarðskirkjugarði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigtryggur Þorláksson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og tengdasonur,
**Kristján Björn Tryggvason**
**(Kiddi)**
lést á líknardeildinni í Kópavogi 19. júlí. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 27. júlí kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á söfnunarreikning fyrir börnin hans, rnr. 0140-15-380088, kt. 060681-3849.

Lífið er núna.

**Kristín Þórsdóttir**
**Ísak Þór Kristjánsson**
**Agla Björk Kristjánsdóttir**
**Bóas Örn Kristjánsson**
**Tryggvi Örn Björnsson**
**Anna Kristín Tryggvadóttir**
**Bjarney Sigurðardóttir**
**Helga Kristjánsdóttir**
**Lóa Birna Tryggvadóttir**
**Þór Sverrisson**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,
**Hörður Sólberg Rafnsson**
lést á hjúkrunarheimilinu á Seyðisfirði laugardaginn 15. júlí. Útförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju fimmtudaginn 27. júlí, kl. 13.00.

**Rafn Harðarson**
**Valgerður Kr. Harðardóttir, Smári Tómasson,**
**Óskar Harðarson, Karen Anna Sveinsdóttir,**
**Anna Katrín Harðardóttir,**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

---



✝

Við þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar,
**Sigríðar Þorsteinsdóttur**
**(Sísíar)**
snyrtifræðings, Strikinu 8.
Sérstakar þakkir til allra sem önnuðust hana í veikindum hennar.

**Ágústa A. Grétarsdóttir**
**Kristján M. Grétarsson**
**Inga Hrönn Grétarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**


VIÐ ERUM 5 ÁRA
FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ Í JÚLÍ
MARS / SNICKERS
9 STK. Í PAKKA
249 KR. PK.
BEN & JERRY´S
ALLAR TEG.
499 KR. PK.
500ml
POWERADE
ALLAR TEG.
149 KR. PK.
OREO / DAIM ÍS
3. STK. Í PAKKA
199 KR. PK.
FJALLALAMB
FROSIÐ LAMBALÆRI
999 KR.KG
ICELAND PIZZUR
DEEP PAN OG THIN & CRISPY
199 KR. STK.
GATORADE
ALLAR TEG.
149 KR. STK.
MARS/SNICKERS ÍS
4. STK. Í PAKKA
349 KR. PK.
MONSTER
ALLAR TEG.
199 KR. STK.
ICELAND
MEAL FOR ONE
ALLAR TEG.
299 KR.PK
50%
AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR
ALLAN JÚLÍ
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ.
Iceland
*Tilboðin gilda í öllum verslunum Iceland

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Blíðskaparveður víðast hvar í dag. Léttskýjað um norðanvert landið en skýjað að mestu sunnanlands. Stöku skúrir síðdegis. Hiti 10 til 25 stig, hlýjast norðanlands.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. tré
6. samþykki
8. kostur
9. árkvíslir
11. í röð
12. borgarís
14. blökk
16. tveir eins
17. for
18. í viðbót
20. rómversk tala
21. snudda

**LÓÐRÉTT**
1. jarðsprungur
3. átt
4. málmur
5. angan
7. áritun
10. keyra
13. vætla
15. auma
16. fljótfærni
19. mun



**LÁRÉTT:** 2. eski, 6. já, 8. val, 9. ála, 11. lm, 12. rekís, 14. talía, 16. rr, 17. aur, 18. auk, 20. mm, 21. snuð.
**LÓÐRÉTT:** 1. gjár, 3. sv, 4. kalsíum, 5. ilm, 7. áletrun, 10. aka, 13. íla, 15. arma, 16. ras, 19. ku.

## Skák Gunnar Björnsson

Ceskovski átti leik gegn Gufeld í Vilnius árið 1975.

**Hvítur á leik**

**1. Hf8+! Hxf8 2. Bxe5+ Hf6 3. Bxb8 Dxb7 4. Be5 1-0.**

Jóhann Hjartarson byrjar mjög vel á Xtra-con-mótinu í Helsingör. Hefur fullt hús eftir þrjár umferðir.

**www.skak.is:** Íslendingar erlendis.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
5%
FRÁ LUC BESSON LEIKSTJÓRA THE FIFTH ELEMENT, LUCY OG LEON
VALERIAN
AND THE CITY OF A THOUSAND PLANETS
SÝND KL. 4, 7, 10
WAR FOR THE PLANET OF THE APES
SÝND KL. 6, 9
AULINN ÉG 3
ÍSL. 2D KL. 4, 6
ENSK. 2D KL. 4
ÉG MAN ÞIG
SÝND KL. 8

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Frá leikstjóra The Dark Knight þríleiksins, Inception og Interstellar
ENTERTAINMENT WEEKLY
THE HOLLYWOOD REPORTER
EMPIRE
VARIETY
TOTAL FILM
metacritic 94%
92%
A FILM BY CHRISTOPHER NOLAN
DUNKIRK
DESPICABLE ME 3
Sýnd með íslensku tali í 2D og 3D
WAR FOR THE PLANET OF THE APES 94%
WONDER WOMAN 92%
ALL EYEZ ON ME
THE UNTOLD STORY OF TUPAC SHAKUR
BÍLAR 3
TRANSFORMERS THE LAST KNIGHT

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| DUNKIRK VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4 - 6 - 8 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 - 7 |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 10:20 |
| THE HOUSE | KL. 8 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 5 - 10 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 2:50 - 4:20 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 8 - 10:50 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| PLANET OF THE APES 2D | KL. 6 - 7:45 - 10:35 |
| THE HOUSE | KL. 5:30 - 10:30 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| BAYWATCH | KL. 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 10 |
| THE HOUSE | KL. 8 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 6 - 8:20 - 10:10 - 10:40 |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 10:30 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| BAYWATCH | KL. 8 |
| PIRATES 2D | KL. 4:50 - 7:30 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 8 - 10:20 |
| PLANET OF THE APES 2D | KL. 10:20 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 6 |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 7:40 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Mánudagur

hvar@frettabladid.is



Í dag verður haldið námskeið í akstri mótorhjóla í Kapelluhrauni.

## 24. JÚLÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Sumartónleikar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Skálholti
Camerata Øresund heimsækir Ísland í annað sinn og verður á sumartónleikum í Skálholti ásamt fleirum.

**Hvað?** Lifandi tónlist í Akranesvita
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Akranesviti
Nemendur Tónlistarskólans á Akranesi flytja tónlist fyrir gesti Akranesvita.

**Hvað?** Icelandic songs – Land of Dreams
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Elborg, Hörpu
Söngkonurnar Jóna G. Kolbrúnardóttir og Margrét Brynjarsdóttir ásamt píanistanum Evu Þyri Hilmarsdóttur flytja íslensk lög í Eldborg.

### Uppákomur

**Hvað?** Akstursþjálfunarnámskeið Snigla
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kvartmílubrautinni
Í dag verður fyrsta akstursþjálfunarnámskeið Snigla haldið. Á námskeiðinu er akstur mótorhjóla kenndur á hringakstursbrautinni í Kapelluhrauni. Námskeiðið er haldið fyrir tilstilli Bifhjólasamtaka Lýðveldisins og munu tveir sænskir mótorhjólakennarar kenna fyrstu námskeiðin. Það eru þeir Anders Hjelm og Niklas Lundin sem hafa þróað námskeiðin í Svíþjóð og taka þúsundir meðlima í sænsku mótorhjólasamtökunum SMC þau árlega. Námskeiðin snúast fyrst og fremst um að kenna mótorhjólafólki betri tækni við beygjur og henta öllum, byrjendum sem lengra komnum, því skipt er upp í hópa eftir getu.



Það verður uppistandskvöld á Gauknum í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

**Hvað?** Námskeið með B-boy Skoora
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Gerðubergi
Breikdansnámskeið með B-boy Skoora. Skoora hefur unnið margar keppnir víðs vegar um heiminn. Hann hefur verið boðsgestur á hinu heimsfræga Over The Top festivali og kennt námskeið á stöðum eins og Suður-Kóreu, Kína, Portúgal, Belgíu, Þýskalandi, Ítalíu og Póllandi.

**Hvað?** Hugleiðslustund og spjall
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Nuddstöðinni Chakra
Hugleiðslustund þar sem byrjað er á leiddri hugleiðsla í nokkrar mínútur. Svo tekur við óleidd hugleiðsla og að lokum spjall fyrir þá sem vilja. Þátttaka kostar 1.000 krónur og gjaldið greiðist í reiðufé á staðnum.

**Hvað?** Sveigjanleg hryggsúla
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Jógasal Ljósheima
Jógarnir segja að aldur sé mældur í sveigjanleika hryggsúlunnar, ekki árunum sem við höfum lifað. Í tímanum er unnið með sveigjanleika hryggsúlu með því að leggjast í restorative-stöður. „Þar opnum við, gefum eftir, slökum og endurnærumst. Alltaf er unnið út frá því að slaka án þess að teygja vöðva og er það eitt af því sem gerir Restorative jóga alveg einstakt innan jógaflórunnar," segir í tilkynningu.

**Hvað?** C plúsplú — Forritun
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Háskólanum í Reykjavík
Þrautalausnir með C++. Á námskeiðinu er farið í gegnum grunnatriði forritunar með C++ forritunarmálinu. Nemendur fá tækifæri til að kynnast C++ gegnum skemmtilegar þrautalausnir og læra að tileinka sér góðar forritunarreglur við kóðun. CodeBlocks forritunarumhverfið verður notað til að vinna verkefni en umhverfið er ókeypis og nýtt af flestum nemendum í Tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík til að stíga fyrstu skrefin í forritun. Verð er 27.900 kr. og skráning fer fram á skema.is/namskeid/c-forritun/.

**Hvað?** Come Talk Funny #111
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gauknum
Uppistandskvöld leitt af Gísla Jóhanni þar sem nokkrir grínistar koma fram. Frítt inn.



# DAGSKRÁ

## Mánudagur





**GAME OF THRONES**

Sjöunda serían um magnað valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.

**MAGNAÐ**
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**FEÐGAR Á FERÐ**

Í þessum þætti verða feðgarnir á Flúðum og í Vestur-Húnavatnssýslu þar sem þeir heimsækja Sindra bakara og Jón Eiríksson bónda.



**ROADIES**

Líf rótaranna í hljómsveitarbransanum getur verið ansi skrautlegt og skemmtilegt. Hressilegir þættir sem hafa vakið athygli fyrir skemmtilega innsýn í lífið á bak við tjöldin í tónlistarbransanum.



**SUITS**

Sjöunda serían um lífið á lögfræðistofu í New York þar sem ólíkir starfsmenn hennar eru þaulreyndir þegar kemur að lausn erfiðra mála.





**VICE SPECIAL REPORT: A WORLD IN DISARRAY**

Vandaður heimildarþáttur frá HBO þar sem farið verður yfir utanríkisstefnu Bandaríkjanna og rýnt í stöðu heimsmála í dag. Viðmælendur eru meðal annarra Condoleezza Rice, Tony Blair, Samantha Power og Ash Carter.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is


### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are
**11.05** Sullivan & Son
**11.25** Drop Dead Diva
**12.05** Margra barna mæður
**12.35** Nágrannar
**13.00** X-factor UK
**14.20** X-factor UK
**15.05** X-factor UK
**16.40** Mom
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.25** Nágrannar
**17.50** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.25** **Feðgar á ferð** Þriðja syrpa þessara frábæru þátta þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki sem á það sameiginlegt að hafa einstaklega jákvæða sýn á lífið. Eins og þeim einum er lagið ná feðgarnir alltaf að líta á björtu hliðarnar og hafa sérstaka hæfileika til þess að draga það besta fram úr hversdagsleikanum.
**19.50** Roadies
**20.40** Suits
**21.25** **Game of Thrones** Sjöunda þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðugu valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.
**22.30** Vice Special Report. A World in Disarray
**23.50** Veep
**00.20** Empire
**01.05** Better Call Saul
**01.55** The Leftovers
**03.10** The Mentalist
**03.50** **Black Work** Vandaðir breskir spennuþættir um unga lögreglukonu sem leitar að morðingja eiginmanns síns.
**04.40** **Battle Creek** Glæpaþættir með gamansömu ívafi með Josh Duhamel og Dean Winters í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem hafa mismunandi skoðanir á nákvæmlega öllu. Á einhvern undarlegan hátt ná þeir þó saman í starfi og vinna að því að uppræta glæpi á götum Battle Creek.
**05.25** The Listener
**06.10** **The Middle** Sjöunda syrpan af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðirin Frankie hefur í mörg horn að líta.

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Pepsí deild karla
**08.40** Pepsí deild karla
**10.20** International Champions Cup
**12.00** International Champions Cup
**14.05** Pepsí deild karla
**15.45** Pepsí deild karla
**17.25** Pepsí deild karla
**19.05** International Champions Cup
**20.45** International Champions Cup
**22.25** UFC Live Events

### STÖÐ 3

**17.15** One Big Happy
**17.40** Raising Hope
**18.05** The New Girl
**18.30** Modern Family
**18.55** Curb Your Enthusiasm
**19.30** Stelpurnar
**19.55** Who Do You Think You Are? UK
**21.00** Grimm
**21.45** The Originals
**22.30** The Sopranos
**23.20** Sleepy Hollow
**00.05** Modern Family
**00.30** Curb Your Enthusiasm
**01.05** Stelpurnar
**01.30** Who Do You Think You Are? UK
**02.35** Grimm
**03.20** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Strumparnir
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Kormákur
**08.11** Zigby
**08.25** Stóri og Litli
**08.38** Brunabílarnir
**09.00** Könnuðurinn Dóra
**09.24** Mörgæsirnar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Kormákur
**12.12** Zigby
**12.26** Stóri og Litli
**12.39** Brunabílarnir
**13.00** Könnuðurinn Dóra
**13.24** Mörgæsirnar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Kormákur
**16.12** Zigby
**16.26** Stóri og Litli
**16.39** Brunabílarnir
**17.00** Könnuðurinn Dóra
**17.24** Mörgæsirnar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur
**19.00** Lína Langsokkur



Könnuðurinn Dóra kl. 9.00, 13.00 og 17.00

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Marathon Classic
**09.35** Marathon Classic
**11.35** Golfing World
**12.25** Marathon Classic
**14.25** The Open Championship
**19.25** PGA Highlights
**20.20** Marathon Classic
**22.20** Champions Tour Highlights
**23.15** Golfing World

### BÍÓSTÖÐIN

**11.05** Yogi Bear
**12.25** War Room
**14.25** Almost Famous
**16.30** **Yogi Bear** Skemmtileg mynd um Jóga og Bóbó sem búa í Jellystone-þjóðgarðinum og finnst fátt skemmtilegra en að nappa nestiskörfum af grandalausum gestum í útilegum. Fljótlega kemur í ljós að garðurinn þeirra er í hættu og þótt þeim hafi ekki alltaf samið við þjóðgarðsvörðinn Smith verða þeir að taka höndum saman og reyna að bjarga heimili sínu frá sorglegum örlögum, og þá þarf að grípa til óvenjulegra aðgerða.
**17.55** War Room
**19.55** Almost Famous
**22.00** Bridge Of Spies
**00.20** Sherlock Holmes
**02.30** **Armed Response** Spennumynd með gamansömu ívafi frá 2013. Tveir eigendur öryggisfyrirtækis á fallanda fæti ákveða að hressa upp á viðskiptin og innkomuna með því að brjótast sjálfir inn á heimili fólks í heimabæ sínum. Hér segir frá vinunum og viðskiptafélögunum Kevin og Bruce sem reka öryggisfyrirtæki í fámennum heimabæ sínum. Vegna þess hve innbrot eru fátíð í bænum ganga viðskiptin ekki nógu vel að þeirra mati og því fá þeir þá hugmynd að standa sjálfir fyrir innbrotum til að auka viðskiptin. Áætlun þeirra gengur upp í fyrstu eða allt þar til þeir gera risamistök sem leiða til þess að þeir fá um allt annað að hugsa.
**04.05** Bridge Of Spies

### RÚV

**15.00** Golfið
**15.30** HM í sundi 2017
**17.45** Táknmálsfréttir
**18.00** Fréttir
**18.10** Veður
**18.15** Noregur - Danmörk
**21.05** Spilaborg
**22.00** Tíufréttir
**22.20** Veðurfréttir
**22.25** Maiko. Síðustu danssporin
**23.35** Vitni
**00.25** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.25** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.23** Dr. Phil
**09.04** 90210
**09.47** Crazy Ex-Girlfriend
**10.35** Síminn + Spotify
**13.40** Dr. Phil
**14.20** Rachel Allen's Everyday Kitchen
**14.43** Doubt
**15.29** The Great Indoors
**15.51** Royal Pains
**16.35** King of Queens
**16.57** Younger
**17.17** How I Met Your Mother
**17.39** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Superstore
**20.15** Million Dollar Listing
**21.00** APB
**21.45** Shades of Blue
**22.30** Nurse Jackie
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show
**00.20** CSI
**01.05** Hawaii Five-0
**01.50** Star
**02.35** Scream Queens
**03.20** Casual
**03.50** APB
**04.35** Shades of Blue
**05.20** Nurse Jackie
**05.50** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL
í sumar
FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM
HENSON DESIGN
CALIA ITALIA
JACOB stóll frá Calia Italia
HENSON DESIGN
CALIA ITALIA
CARPE DIEM
BEDS OF SWEDEN
BUGATTI
RÚM • SÓFAR • HVÍLDARASTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR
VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN
SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16
554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is
LÚR
BETRI HVÍLD



**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**



www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA
MEÐ TUDOR


Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is


LÍNAN BÆJARLIND 16 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | LINAN.IS
OPIÐ MÁN TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16



**Fanney Dóra er förðunarfræðingur og bloggáhrifavaldur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Vandasamt að kaupa föt í stórum stærðum

Förðunarfræðingurinn **Fanney Dóra Veigarsdóttir** upplifir að það sé erfitt að kaupa föt í stórum stærðum á Íslandi. Hún segir úrvalið af fötum í stórum stærðum vera lítið og skipulagið vera skrýtið.

Fanneyju Dóru Veigarsdóttur dreymir um að geta farið inn í verslunarmiðstöð með vinkonum sínum og keypt sér föt án vandræða en það hefur reynst henni erfitt í gegnum tíðina þar sem útvalið er lítið og fatastærðir eru illa hannaðar. „Ég hef oft upplifað niðurlægingu við að fara í búðir með vinkonum mínum þegar ég máta föt í mínum stærðum, föt sem ég ætti að passa í, en þau passa samt ekki.

Svo þegar maður finnur eitthvað sem passar þá kemst maður kannski að því að það var bara pöntuð ein flík í þessari stærð. Ég fann til dæmis kjól í tískuverslun um daginn sem ég passaði í, það var þvílík veisla. En það kom bara einn í minni stærð. Það gat sem sagt engin önnur kona í minni stærð eignast þennan kjól.“

Fanney Dóra væri til í að sjá búðareigendur bregðast við umræðunni. Hún væri til í að sjá betra úrval af stórum stærðum í fatabúðum og að fötum í stærri stærðum væri ekki haldið til hliðar, í sérstökum deildum og sérstökum búðum sem heita nöfnum sem vísa í að um stórar stærðir sé að ræða.

„Það væri gott ef búðir hétu ekki alltaf einhverju nafni sem bendir til að þær selji „plus size“ föt. Af hverju geta þessar búðir ekki bara heitið einhverju venjulega nafni, eins og aðrar búðir? Ég fagna þessum verslunum sem selja stórar stærðir, en búðir sem eru með stærðir frá 0 upp í 6 heita ekki eftir líkamsgerð þeirra sem geta verslað þar.

Sumt fólk upplifir skömm af því að vera í stórum stærðum og þá getur verið erfitt að fara inn í sérstakar plus size-búðir. Það er alveg erfitt að viðurkenna að maður noti stórar stærðir og að maður eigi erfitt með að finna föt. Það var stórt skref fyrir mig að viðurkenna að ég væri í plus size og fólk sagði oft: „Nei, nei, þú ert það ekkert.“ Eins og það sé eitthvað til að skammast sín fyrir. Og ég nota aldrei orðið „feit“, í staðinn nota ég „plus size“ því fólk fer alveg í kerfi ef maður talar um að maður sé feitur,“ útskýrir Fanney.

> **EN ÉG HELD AÐ ÉG HAFI BARA ÁTTAÐ MIG Á AÐ ÉG MÁ VERA EINS OG ÉG ER, ALVEG SAMA HVAÐ ÖÐRUM FINNST.**

## Stanslaus barátta

Eins og áður sagði var það stórt skref fyrir Fanneyju Dóru að byrja að tala opinskátt um að hún notaði stórar stærðir. En hún segir mikið hafa breyst á um það bil einu ári.

„Ég þorði eiginlega ekki að fara í sund en núna er ég alltaf í sundi. Ég er ekki að segja að það sé auðvelt samt. Þetta er stanslaus barátta. En ég held að ég hafi bara áttað mig á að ég má vera eins og ég er, alveg sama hvað öðrum finnst.“

„Það getur líka verið erfitt að fara í ræktina. Ég lenti sjálf í því að vera niðurlægð af konu á miðjum aldri á viðkvæmu augnabliki. Hún kom upp að mér þegar ég var í sturtu og sagði mér að fara á eitthvert sykurnámskeið og þá myndu sko aukakílóin hrynja af mér. Þá áttaði ég mig á því að fólk leyfir sér að segja svo mikið við feitt fólk, eins og það sé alltaf í lagi að skjóta á feitt fólk. Ég fór ekki í líkamsrækt í langan tíma eftir það.“

Fanney, sem heldur úti blogginu fanneydora.com, hefur fengið mikið af skilaboðum frá ungum stelpum síðan hún byrjaði að skrifa um hugleiðingar sínar um fatastærðir og fitufordóma. Hún segir sorglegt að sjá að margar ungar stelpur í stórum stærðum upplifi skömm. „Sumar hafa sagt mér að þær hafi brotnað saman eftir að hafa fari í búðir með vinkonum sínum og forðist að fara í ræktina og sund. Það er mjög sorglegt og ég vil bara minna á að maður má ekki leyfa sér að missa af lífinu. Einu sinni sagði ég til dæmis alltaf „nei“ þegar vinkonur mínar voru allar að fara í sund saman, og ég veit að ég missti af miklu við það.“

Spurð út í hvert markmið hennar sé með þessari umræðu segist Fanney Dóra vilja vekja fólk til umhugsunar, einkum fólk sem rekur verslanir. „Ef búðareigendur vilja ekki gera vel við viðskiptavini sína þá ættu þeir allavega að hugsa þetta út frá viðskiptasjónarmiði. Konur í stórum stærðum er risastór markhópur sem þeir eru að missa af. Svo sér maður fréttir af því að fólk sé að panta föt að utan, það er ekkert skrýtið þegar það hefur ekki annan valkost.“ **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

jeep.is

# ALVÖRU JEPPI MEÐ HÁU OG LÁGU DRIFI
# 250 HÖ DÍSEL 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
# GERÐU VERÐSAMANBURÐ




## JEEP® GRAND CHEROKEE VERÐ FRÁ KR. 8.990.000*

*Jeep Grand Cherokee Laredo dísel 250hö, 8 gíra sjálfskiptur, Quatratrac II fjórhjóladrif með lágu drifi, 18" álfelgur, Led+Xenon framljós, 8,4" snertiskjár með bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, hiti í sætum, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin framsæti, stillanleg aftursæti, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, regnskynjari, aðgerðarstýri, raddstýrt útvarp o.mfl.

# ALVÖRU JEPPI
# DÍSEL 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR
# KOMDU OG REYNSLUAKTU




## JEEP® CHEROKEE VERÐ FRÁ KR. 6.690.000*

*Jeep Cherokee Longitude 2.2 dísel 185 hö (Limited 200 hö) 9 gíra sjálfskiptur, Select Terrain drif með fjórum stillingum og Jeep Active drive (Limited útgáfan með lágu drifi), 17" álfelgur, Led dagljós og afturljós, aftursæti á sleða til að stækka farangursrými, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, leðurstýri og gírhnúður, aðgerðarstýri, hraðastillir o.m.fl. Longitude Luxury aukalega með rafdrifnum upphituðum leðursætum og bakkmyndavél, kr. 6.990.000.

Jeep®

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Helgu Völu Helgadóttur




## Vel gert, Ísland!

Sameinuð getum við flutt fjöll. Með sameinuðu átaki hefur okkur tekist að hreyfa við hlutum sem áður virtust meitlaðir í stein. Það er eitthvað slíkt í gangi núna. Það hvernig við studdum við bakið á íslenska kvennalandsliðinu í fótbolta sýndi Evrópu að kyn á ekki að skipta nokkru einasta máli þegar kemur að stuðningi við landslið okkar. Auðvitað á það ekki að skipta máli en við vitum samt að það hefur því miður gert það í gegnum tíðina og því þarf hreyfingu eins og þessa til að breyta því. Við getum það saman, með því að búa til stemningu.

Ég las grein Hallgríms Helgasonar um það hvernig hann og fjölskylda hans reyndu að finna útsendingu af opnunarleik EM í knattspyrnu á hverjum staðnum á fætur öðrum úti í Hollandi. Viðmælendur hans vissu varla um hvað hann var að tala. Á sama tíma voru þúsundir Íslendinga búnir að kaupa sér flugmiða, og miða á völlinn til að styðja „stelpurnar okkar“. Þegar ég sá landa mína bláklædda í stúkunni syngja með þjóðsöngnum fyrri og síðari (Ég er kominn heim) þá hríslaðist um mig gæsahúðin. Þetta er bara svo gott. Þessi skilaboð til alheimsins um að kvennaboltinn sé algjörlega á pari við karlaboltann eru svo gríðarlega mikilvæg, ekki bara fyrir stelpurnar og strákana okkar heldur líka fyrir allt það fólk sem stjórnar í íþróttafélögum landsins. Allt það fólk sem ýmist er að berjast fyrir vegferð kvennaboltans eða lifir enn í þeirri villu að karlaboltinn skipti meira máli. Höldum áfram svona. Vel gert, Íslendingar!











